

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1908.

Auðlýsing um innköllun allra hinna eldri landssjóðssetla, er gefnir hafa verið út handa Landsbankanum og ganga manna á meðal, undirskrifuð af ráðherranum 30. janúar 1908 (A nr. 1, bls. 2—3).

Tilskipun um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi eru þegar lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir, undirskrifuð af konungi 2. mars 1908 (A nr. 2, bls. 4—7).

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Akureyri um kæru út- 45 af kosningu til bæjarstjórnar í nefndum kaupstað.

21. febr.

Með brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 24. f. m., hefir hingað borist erindi frá 10 kjósendum á Akureyri, þar sem þeir áfrýja til stjórnarráðsins úrskurði bæjarstjórnar nefnds kaupstaðar, dags. 14. f. m., er staðfestir kosning á fjórum bæjarfulltrúum, er fór fram 3. s. m. Tildrögin til kærunnar eru þessi:

Við kosning þessa úrskurðaði kjörstjórnin nokkra kjörseðla ógilda, þar á meðal tvo seðla, er ætla mætti, að hefðu átt að þýða atkvæði á C-listann, en kosningin fór fram eftir fjórum listum A, B, C og D. Á þessum tveim nefndu ógiltu kjörseðlum var kosningarmerkið X sett fyrir aftan orðið »listinn«, og hafa kærendurnir með tilvísun til 8. gr. í lögum nr. 39 frá 10. nóvbr. 1903 krafist, að kjörseðlar þessir teljist gildir, með því auðsætt sje að þeir hafi átt að teljast C-listanum og ekkert sje tortryggilegt við þá; og þarsem fulltrúaefni nr. 2 á C-listanum þá mundi hafa haft fleiri atkvæði en fyrsta fulltrúaefni á A-listanum, sem náði kosningu, hafa kærendurnir krafist þess, að kosningunni sje hrundið að því leyti, að annað fulltrúaefni á C-lista verði úrskurðaður rjett kosinn bæjarfulltrúi í stað fyrsta fulltrúaefnis á A-lista. Kjörstjórnin hefir hinsvegar haldið því fram, að það sje beint ákveðið í 6. gr. nefndra laga, að krossinn skuli standa við bókstafinn á listanum, sem samkvæmt 3. gr. laganna á að standa á undan orðinu »listinn« með bandi á milli, og að með hliðsjón af þessu sjerstaklega ákvæði verði hin almennu ákvæði í 8. gr. laganna að skiljast. Hinum nefndu tveim kjörseðlum sje því rjettilega hafnað. Á þetta hefir bæjarstjórn fallist og staðfest kosninguna.

Með því að stjórnarráðið verður að fallast á framannefndan skilning kjörstjórnar og bæjarstjórnar á kosningalögum, er hjermeð ákveðið, að úrskurður bæjarstjórnar 14. f. m. um að kosningin 3. s. m. sje gild, skuli óraskaður standa.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um end- 46 urveiting hlunninda handa sparisjóði Arnarneshrepps.

17. mars

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá formanni sparisjóðsins í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. apríl þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.